

---

## Hverfið mitt 2022-2023

Samráðsverkefni íbúa og stjórnslu um forgangsröðun og úthlutun fjármagns til smærri nýframkvæmda í hverfum Reykjavíkurborgar

Reglur um rafrænar kosningar

Reykjavík 26. apríl 2023

---

## Efnisyfirlit

1. Almenn um kosningarnar	3
2. Tímasetning kosninganna	3
3. Kjörskrá og kosningaréttur	3
4. Kjörstaðir	3
5. Leiðbeiningar um kjörseðil og atkvæðagreiðslu	4
6. Auðkenning kjósenda og kosningaréttur	5
6.1 Rafræn skilríki í síma	5
6.2 Rafræn skilríki með korti	5
6.3 Íslykill	5
7. Nánar um rafræn skilríki og Íslykla	6
7.1 Rafræn skilríki	6
7.2 Íslykill	6
8. Talning atkvæða	6
9. Fjármagni ekki úthlutað	7
10. Birting niðurstaðna	7
11. Aðstoð við atkvæðagreiðslu	7
12. Upplýsingar og fyrirspurnir	7
13. Kjörstjórn	7
14. Eftirlit með framkvæmd kosninga	7

## 1. Almennt um kosningarnar

Kosningakerfið er rafrænt og er rekið sem sjálfstæð eining hjá upplýsingatæknideild Reykjavíkurborgar. Kerfið er þróað af Íbúum ses. fyrir Reykjavíkurborg, í samvinnu við Þjóðskrá Íslands og Ísland.is en Advania veitir ráðgjöf og rýni varðandi öryggisþætti og ferla. Kosningarnar eru ekki lögbundnar.

Íbúar geta kosið um allt að 26 verkefni í einu hverfi. Þeir geta kosið í hvaða hverfi sem er óháð búsetu innan Reykjavíkurborgar en þó aðeins í einu hverfi. Um er að ræða verkefni sem skilgreind eru sem smærri nýframkvæmdir. Gerð er grein fyrir kostnaði við hvert verkefni. Kjósendur geta valið saman þann fjölda verkefna sem þeir vilja, þar til þeirri heildarupphæð er náð sem hverfið hefur til umráða eða þar til fjárheimildin dugir ekki lengur fyrir neinu af þeim verkefnum sem ekki hafa verið valin. Ekki er nauðsynlegt að klára fjárheimildina til þess að geta skilað inn atkvæði og þannig geta kjósendur valið fjölda þeirra verkefna sem þau greiða atkvæði sitt. Kjósandi getur kosið eins oft og hann vill meðan kosningin er opin, en hafa ber í huga að það er aðeins nýjasta atkvæðið sem gildir.

Íbúar geta sett stjórnuna við eina af þeim hugmyndum sem þeir kjósa og þannig gefið þeirri hugmynd tvöfalt vægi, tvö atkvæði í stað eins. Aðrar kosnar hugmyndir fá eitt atkvæði hver. Ekki er nauðsynlegt að nota stjórnuna, sé hún ekki notuð fá allar kosnar hugmyndir eitt atkvæði hver.

Kosningarnar fela í sér endanlega ákvörðun um val þessara verkefna í hverfum Reykjavíkur fyrir árið 2022-2023. Ef upp koma vafaatriði sbr. 8.grein reglna, 5. og 6. lið sker kjörstjórn úr með hlutkesti.

## 2. Tímasetning kosninganna

Rafrænar kosningar í hverfum Reykjavíkur hefjast kl. 00:01 fimmtudaginn 14. september 2023 og eru opnar til miðnættis fimmtudagsins 28. september 2023.

## 3. Kjörskrá og kosningaréttur

Rétt til þátttöku í kosningunum hafa íbúar sem eru búsettir í Reykjavík samkvæmt íbúaskrá Þjóðskrár þegar atkvæði er greitt og verða 15 ára á því ári sem kosið er (fæddir 2008 eða fyrr). Inni á *Mínum síðum* á Ísland.is getur kjósandi skoðað hvernig hann er skráður í Þjóðskrá. Hægt er að auðkenna sig inn á *Mínar síður* á Ísland.is með kennitölu og Íslykli eða rafrænum skilríkjum með korti eða í síma. Einnig er hægt að skoða þjóðskrárupplýsingar í heimabanka.

## 4. Kjörstaðir

Kosið er á vefslóðinni [kosning2023.reykjavik.is](https://kosning2023.reykjavik.is). Ekki er um eiginlega kjörstaði og kjörklefa að ræða þar sem fylgst er með því að kjósandinn sé einn í kjörklefanum. Leynd og öryggi atkvæðagreiðslunnar eru undir kjósandanum komin og velta til dæmis á því að hann gæti Íslykilsins eða rafrænna skilríkja vel og hagi atkvæðagreiðslunni þannig að aðrir fái ekki séð.

Þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar bjóða upp á aðgang að tölvum og aðstoð við kosninguna sé þess óskað. Sjá nánar í 12. grein um *Aðstoð við atkvæðagreiðslu*.

## 5. Leiðbeiningar um kjörseðil og atkvæðagreiðslu

### Hverfasíða – veldu hverfi

Þegar kjósandi hefur valið vefslóðina [kosning2023.reykjavik.is](https://kosning2023.reykjavik.is) birtist honum forsíða með korti af Reykjavík þar sem hvert hverfi hefur einkennandi lit. Þar velur hann í hvaða hverfi hann vill kjósa með því að smella á viðeigandi hverfi á kortinu.

### Kjörseðill

Kjörseðillinn inniheldur lista með allt að 26 verkefnum. Til að fullnýta atkvæðið þarf kjósandi að velja verkefni þar til fleiri verkefni rúmast ekki innan fjárheimildarinnar. Kjósandi getur kosið með því að ýta á *Kjósa* jafnvel þótt hann hafi ekki nýtt alla fjárheimildina. Atkvæðið verður gilt eftir sem áður.

Hverri hugmynd fylgir mynd og valmöguleikar um að sjá frekari lýsingu á verkefni ásamt staðsetningu. Til þess að nálgast frekari lýsingar um hugmynd sem er í kosningu er smellt á ferhyrning sem finna má á hugmyndaspjaldi hvernar hugmyndar. Þá birtast valmöguleikar sem innihalda frekari upplýsingar um verkefnið. Sú hugmynd sem er til kosninga er byggð á hugmynd íbúa sem finna má á hugmyndavef.

### Staðsetning verkefna

Til þess að finna staðsetningu þeirra verkefna sem kosið er um er smellt fyrir ofan listann á hnapp sem heitir *kort*. Með því að smella á þann hnapp er hægt að sjá hvernig verkefni dreifast um hverfið og hægt er að velja verkefni með því að smella á staðsetningarpunkt á korti.

### Nánari upplýsingar um verkefni

Til þess að nálgast nánari upplýsingar um verkefni er smellt á ferhyrninginn á hugmyndaspjaldinu. Þá birtast eftirfarandi valmöguleikar: mynd hugmyndar, lýsing hugmyndar, staðsetning hugmyndar og nánari upplýsingar um hugmynd.

### Verkefni valin

Í hægra horni hvers hugmyndaspjalds á kjörseðli er að finna hnapp með plús-merki, til þess að greiða hugmynd atkvæði þarf að smella á þennan hnapp og við það raðast hugmynd í pottinn sem birtist efst á síðunni.

### Deiling á samfélagsmiðla

Til þess að deila kosningunni á samfélagsmiðla er smellt á form fyrir neðan kort á forsíðu. Þar er form sem er myndað með þremur punktum. Ef smellt er á það form birtast merki samfélagsmiðlanna Facebook og Twitter. Ef smellt er á merki þessara miðla opnast tiltekinn miðill og viðkomandi getur deilt kosningavefnum út frá þeim aðgangi sem innskráður er þegar á merki miðilsins er smellt.

### Fjárheimild hverfis

Hægt er að kjósa verkefni þar til fjárheimild hverfis er fullnýtt en það er ekki nauðsynlegt að klára fjárheimild til þess að atkvæðið þitt teljist gilt.

Tölurnar fyrir ofan hugmyndapott efst á síðunni sýna hversu hárrí upphæð kjósandi hefur ráðstafað og hversu mikið hann á eftir. Kjósandi getur haldið áfram að velja verkefni þar til heildarupphæðinni fyrir viðkomandi hverfi er náð eða þar til ekki er til nægur peningur fyrir neinu af þeim verkefnum sem eftir eru. Verkefni sem kjósandi hefur ekki lengur efni á fá

gráan lit. Ekki er hægt að velja þau lengur. Ekkert lágmark er á fjölda hugmynda sem hægt er að kjósa, þannig getur kjósandi greitt aðeins einu verkefni atvæði sitt ef hann kys að gera það.

### Verkefni fjarlægð og ný valin

Til að fjarlægja verkefni er smellt aftur á viðkomandi verkefni eða smellt á myndina af hugmyndinni sem birtist í pottinum efst á síðunni. Við það dettur hún úr pottinum.

Þá er aftur hægt að velja þau verkefni sem á ný rúmast innan fjárheimildarinnar (hnappurinn er ekki lengur grár og fær sinn upphaflega lit). Á þennan hátt getur kjósandi valið og fjarlægt verkefni – allt þangað til hann ákveður að kjósa.

### Kjósandi getur ekki nýtt alla fjárheimildina – er atkvæðið gilt?

Kjósandi getur staðið frammi fyrir því að geta ekki fullnýtt fjárheimildina fyrir viðkomandi hverfi, t.d. þegar verkefnin sem ekki hafa verið valin kosta hvert um sig meira en sem nemur þeirri fjárhæð sem eftir er. Ekki þarf að hafa áhyggjur af þessu. Hægt er að kjósa þrátt fyrir að fjárheimild sé ekki fullnýtt og atkvæðið er gilt.

### Ýtt á stjörnu til að gefa einni hugmynd aukaatkvæði

Þegar kjósandi hefur valið verkefni getur hann ákveðið að stjörnumerka það og gefa því þannig eitt aukaatkvæði. Það verkefni fær þannig tvö atkvæði í stað eins áður. Aðeins er hægt að stjörnumerka eitt verkefni og það hefur ekki áhrif á önnur kosin verkefni, þau fá eitt atkvæði hvert eins og áður. Ekki er nauðsynlegt að stjörnumerka neina hugmynd.

### Ýtt á hnappinn „Kjósa“ – auðkenning þörf

Þegar kjósandi hefur lokið við að velja verkefni smellir hann á hnappinn *Kjósa*. Þá birtist innskráningargluggi frá island.is og kjósandi auðkennir sig til þess að skila inn atkvæði.

### Kjósandi getur kosið eins oft og hann vill – aðeins nýjasta atkvæðið gildir

Kjósandi getur kosið eins oft og hann vill meðan kosningin er opin, en hafa ber í huga að það er aðeins nýjasta atkvæðið sem gildir.

## 6. Auðkenning kjósenda og kosningaréttur

Kjósandi auðkennir sig með öruggum hætti með innskráningarþjónustu Ísland.is. Þjóðskrá Íslands staðfestir hvort kjósandi er búsettur í Reykjavík og á réttum aldri samkvæmt íbúaskrá Þjóðskrár þegar atkvæði er greitt. Í kosningakerfinu er hvert atkvæði síðan dulkóðað. Ekki er hægt að rekja atkvæði aftur til kjósenda.

Þegar kjósandi hefur valið verkefni og smellt á *Kjósa* opnast nýr gluggi með auðkenningarþjónustu Ísland.is vegna kosninganna og þar blasir við honum innskráningarsíða. Hér getur hann valið um þrjá möguleika til innskráningar: rafræn skilríki á síma og á korti eða Íslykil:

### 6.1 Rafræn skilríki með síma

Kjósandi slær inn símanúmerið sitt og smellir á hnappinn, síðan er spurt um PIN kóða á síma, gætt skal að því að síminn sé ekki læstur á meðan á innskráningu stendur.

### 6.2 Rafræn skilríki með korti

Kjósandi setur kort með rafrænum skilríkjum í tengdan kortalesara og smellir á hnappinn *Les skilríki* og slær inn PIN kóða.

### 6.3 Íslykill

Kjósandi slær inn kennitölu sína og Íslykil og smellir á hnappinn *Staðfesta*. Sjá nánar um Íslykil hér að aftan.

## 7. Nánar um rafræn skilríki og Íslykla

### 7.1 Rafræn skilríki

Þeir kjósendur sem hafa hafa virkjað rafræn skilríki í farsímann geta nýtt sér þau við kosningarnar. Skilríkin virka á gömlum sem nýjum símum, óháð stýrikerfum. Enginn kortalesari, enginn hugbúnaður, engin smáforrit (e. app). Bara að hafa símann við höndina, það er það eina sem þarf.

Þeir kjósendur sem fengið hafa kort með rafrænum skilríkjum geta nýtt þau við kosningarnar. Þeir sem hafa tekið rafrænu skilríkin í notkun við innskráningu í heimabanka, auðkenna sig með sambærilegum hætti við kosningarnar.

### 7.2 Íslykill

Hér má panta Íslykil: <https://innskraning.island.is/Order.aspx>

Við fyrstu innskráningu með nýjum Íslykli er eigandi lykilsins beðinn að breyta honum og velja sér sterkan Íslykil til framtíðar.

Þurfi kjósandi á aðstoð að halda við innskráningu eða atkvæðagreiðslu munu þjónustufulltrúar í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar liðsinna honum í síma 411 1111 eða í gegnum netspjall á <http://www.reykjavik.is>.

Kjósandi getur einnig óskað aðstoðar starfsmanna þjónustumiðstöðva við innskráningu og atkvæðagreiðslu. Reglur um þessa aðstoð má finna í 12. grein um *Aðstoð við atkvæðagreiðslu*.

## 8. Talning atkvæða

Talningu atkvæða er háttað sem hér segir:

1. Öll atkvæðin í viðkomandi hverfi eru talin og verkefnum raðað eftir fjölda atkvæða.
2. Því verkefni sem flest atkvæði hefur hlotið í viðkomandi hverfi er stillt upp og kostnaðurinn við verkefnið dreginn frá heildarfjárheimildinni.

3. Það verkefni sem næstflest atkvæði hefur hlotið er tekið og borið saman við það sem eftir er af fjárheimildinni. Ef verkefnið rúmast innan fjárheimildarinnar er það sett á lista valinna verkefna. Ef það rúmast ekki innan heimildarinnar er því sleppt og þriðja atkvæðamesta verkefnið skoðað.
4. Svona gengur þetta koll af kalli, þar til fjárheimildin hefur öll verið notuð eða hún orðin of lítil fyrir nokkurt þeirra verkefna sem eftir eru.
5. Ef upp koma tilfelli þar sem verkefni kosta jafnmikið og eru jöfn að atkvæðum og vafi leikur á um hvort þeirra skuli teljast valið, sker kjörstjórn úr um það með hlutkesti.
6. Ef upp koma tilfelli þar sem verkefni kosta mismikið og eru jöfn að atkvæðum og vafi leikur á um hvort þeirra skuli teljast valið, sker kjörstjórn úr um það með hlutkesti.

## 9. Fjármagni ekki úthlutað

Gert er ráð fyrir 450 milljónum króna til verkefnisins. Upp getur komið sú staða að fjármagn nýtist ekki til fulls vegna uppröðunar verkefna. Ef eftir stendur fjármagn sem ekki nýtist í verkefninu skal það renna aftur í borgarsjóð.

## 10. Birting niðurstaðna

Niðurstöður kosninganna verða birtar um leið og talningu er lokið.

## 11. Eftirvinnsla og frágangur kjörgagna

Að kosningu lokinni verða unnar upplýsingar um aldurs- og kynjadreifingu kjósenda. Að því loknu verður kjörgögnum eytt.

## 12. Aðstoð við atkvæðagreiðslu

Hægt verður að kjósa og fá aðstoð við að greiða atkvæði á opnunartíma fjögurra þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar í hverfum borgarinnar og í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14 meðan kosningar standa yfir. Starfsmenn Reykjavíkurborgar eru bundnir trúnaði.

1. Kjósandi gefur sig fram við starfsmann og gerir grein fyrir sér með framvísun skilríkja.
2. Starfsmaður útvegar kjósenda aðgang að tölvu og aðstoðar kjósenda við innskráningu með því að leiðbeina honum skref fyrir skref.
3. Starfsmaður aðstoðar kjósenda við atkvæðagreiðslu með því að leiðbeina honum skref fyrir skref.

## 13. Upplýsingar og fyrirspurnir

Upplýsingar og leiðbeiningar um kosningarnar eru aðgengilegar á kosningavefnum meðan á kosningu stendur. Hægt verður að að senda inn fyrirspurnir og ábendingar á netfangið [hverfidmitt@reykjavik.is](mailto:hverfidmitt@reykjavik.is). Einnig er hægt að nálgast upplýsingar um kosningarnar hjá þjónustufulltrúum í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14. Beinn sími hjá þjónustuverinu er 411 1111.

#### 14. Kjörstjórn

Kjörstjórn er skipuð fimm fulltrúum. Kjörstjórn ber ábyrgð á framkvæmd kosninganna, sker úr um vafaatriði og afgreiðir þær athugasemdir sem kunna að berast vegna þeirra.

Sá sem vill koma að athugasemdum við framkvæmd eða talningu skal afhenda kjörstjórn athugasemdir sínar innan sjö daga frá því að niðurstöður eru birtar.

Gallar á framkvæmd eða talningu leiða ekki til ógildingar kosninga, nema ætla megi að þeir hafi haft áhrif á úrslit hennar.

Kjörstjórn skipa:

Helga Björk Laxdal, formaður, skrifstofustjóri borgarstjórnar

Guðrún Elsa Tryggvadóttir, lögfræðingur, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu

Eiríkur Búi Halldórsson, sérfræðingur, mannréttinda og lýðræðisskrifstofu

Árni Björn Gestsson, verkefnastjóri, þjónustu- og nýsköpunarsvið

Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar

Fyrirspurnir og ábendingar varðandi framkvæmd kosninganna skulu berast á netfangið [eirikur.bui.halldorsson@reykjavik.is](mailto:eirikur.bui.halldorsson@reykjavik.is).

#### 15. Eftirlit með framkvæmd kosninga

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar hefur eftirlit með framkvæmd kosninganna og fylgist með því að skráðum ferlum sé fylgt til hlítar.